

Alþingi
Erindi nr. P 138/44
komudagur 28.10.2009

From: bryndis.helgadottir@dmr.stjr.is [mailto:bryndis.helgadottir@dmr.stjr.is]
Sent: 28. október 2009 10:37
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: frumvarp um frestun á nauðungarsölu

Sæl.

Vísa til símtals áðan varðandi frumvarp til breytinga á lögum um nauðungarsölu sem dómsmálaráðherra mælti fyrir á föstudaginn. Í frumvarpinu er lagt til að heimild sýslumanns til að verða við ósk gerðarþola um að fresta nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði verði framlengd fram yfir 31. janúar 2010. Einungis er um að ræða frestun á lokasölu þannig að mál sem styttra eru komin halda áfram leið sína í gegnum kerfið þar til kemur að því að taka ákvörðun um framhald uppboðs. Frestunin gerist ekki sjálfkrafa heldur verður gerðarþoli að óska eftir frestinum einnig þó svo að eignin hafi áður verið í nauðungarsölufresti. Ekki er gert ráð fyrir að frestur til nauðungarsölu verði framlengdur oftari en í þetta sinn.

Það sem eldri frestur rennur út 31. október er mikilvægt að klára þetta mál sem fyrst. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er að fresta því að lokasala fari fram. Í nokkrum tilvikum mun lokasala fara fram þann 9. nóvember n.k. og er því mikilvægt að lögin taki gildi fyrir þann tíma. Best væri ef mögulegt væri að klára málið á þriðjudaginn, 3. nóvember n.k.

Gera þarf smá breytingu á frumvarpinu. 2. málsl. 1. mgr. þarf að orðast svo: Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteingar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. janúar 2010.

Taka þarf út ákvæðið um byrjun uppboðs í 2. málslíð þar sem einungis er ráðgert að fresta töku ákvörðunar um framhald uppboðs. Hafi verið tekin ákvörðun um að byrjun uppboðs fari fram skal byrjun uppboðs fara fram en þeim hluta þess þar sem tekin er ákvörðun um hvernær framhald uppboðs fari fram er frestað. Hafi verið tekin ákvörðun um að framhald uppboðs fari fram ákveðinn dag en uppboðið hefur enn ekki farið fram þá skal fresta því ef gerðarþoli óskar. Því er ekki rétt að hafa í þessum texta ákvæði um byrjun uppboðs.

kv. Bryndís

Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri / Director of Legal Affairs and Human Rights
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, laga- og mannréttindaskrifstofa / Ministry of Justice and Human Rights
Sími 545-9000, fax 552-7340